



Fundargerð

Tilv. 1801077/2.10.1

Fundur: Grisjunarráð 5/2018.
Dagsetning og tími: 26. apríl 2018, kl. 12.
Boðaðir: Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Njörður Sigurðsson sviðsstjóri skjalasviðs og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður
Mættir: Allir mættir
Fundarritari: Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs

Dagskrá:

1. Grisjunarbeiðni Fiskistofu dags. 26. apríl 2018 – tilkynningar um sviptingar veiðileyfis og fleira (málsnr. 1804123).
2. Grisjunarbeiðni Fiskistofu dags. 26. apríl 2018 – löndunarskýrslur fiskiskipa (málsnr. 1804124).
3. Grisjunarbeiðni Fiskistofu dags. 26. apríl 2018 – millifærslur á aflaheimildum (málsnr. 1804125).
4. Grisjunarbeiðni Fiskistofu dags. 26. apríl 2018 – vigtar- og ráðstöfunarskýrslur frá kaupendum afla (málsnr. 1804126).
5. Grisjunarbeiðni Fiskistofu dags. 26. apríl 2018 – tilkynningar um úthlutanir veiðileyfa og sérstakar úthlutanir á veiðiheimildum eins og byggðakvóta (málsnr. 1804127).

Þjóðskjalavörður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Grisjunarbeiðni Fiskistofu dags. 26. apríl 2018 – tilkynningar um sviptingar veiðileyfis og fleira (málsnr. 1804123).

Beiðnin var samþykkt. Fiskistofu er heimilt að eyða umbeðnum tilkynningum um sviptingar veiðileyfis og fleira sem ná yfir tímabilið 2000–2010 þegar hagnýtu og stjórnsýslulegu hlutverki þeirra er lokið. Forsenda ákvörðunarinnar er að upplýsingarnar eru varðveittar í gagnagrunninum KVOTI sem hefur verið tilkynntur til Þjóðskjalasafns Íslands.

2. Grisjunarbeiðni Fiskistofu dags. 26. apríl 2018 – löndunarskýrslur fiskiskipa (málsnr. 1804124).

Beiðnin var samþykkt. Fiskistofu er heimilt að eyða umbeðnum löndunarskýrslum fiskiskipa sem ná yfir tímabilið 2003–2009 þegar hagnýtu og stjórnsýslulegu hlutverki þeirra er lokið. Forsenda ákvörðunarinnar er að upplýsingarnar eru varðveittar í gagnagrunninum VOR sem hefur verið tilkynntur og afhentur í vörsluútgáfu til Þjóðskjalasafns Íslands.



3. Grisjunarbeiðni Fiskistofu dags. 26. apríl 2018 – millifærslur á aflaheimildum (málsnr. 1804125).

Beiðnin var samþykkt. Fiskistofu er heimilt að eyða umbeðnum millifærslum á aflaheimildum sem ná yfir tímabilið 2001–2008 þegar hagnýtu og stjórnsýslulegu hlutverki þeirra er lokið. Forsenda ákvörðunarinnar er að upplýsingarnar eru varðveittar í gagnagrunninum KVOTI sem hefur verið tilkynntur til Þjóðskjalasafns Íslands.

4. Grisjunarbeiðni Fiskistofu dags. 26. apríl 2018 – vigtar- og ráðstöfunarskýrslur frá kaupendum afla (málsnr. 1804126).

Beiðnin var samþykkt. Fiskistofu er heimilt að eyða umbeðnum vigtar- og ráðstöfunarskýrslum frá kaupendum afla sem ná yfir tímabilið 2004–2014 þegar hagnýtu og stjórnsýslulegu hlutverki þeirra er lokið. Forsenda ákvörðunarinnar er að upplýsingarnar eru varðveittar í gagnagrunninum VOR sem hefur verið tilkynntur og afhentur í vörsluútgáfu til Þjóðskjalasafns Íslands.

5. Grisjunarbeiðni Fiskistofu dags. 26. apríl 2018 – tilkynningar um úthlutanir veiðileyfa og sérstakar úthlutanir á veiðiheimildum eins og byggðakvóta (málsnr. 1804127).

Beiðnin var samþykkt. Fiskistofu er heimilt að eyða umbeðnum tilkynningum um úthlutanir veiðileyfa og sérstökum úthlutunum á veiðiheimildum sem ná yfir tímabilið 2000–2010 þegar hagnýtu og stjórnsýslulegu hlutverki þeirra er lokið. Forsenda ákvörðunarinnar er að upplýsingarnar eru varðveittar í gagnagrunninum KVOTI sem hefur verið tilkynntur til Þjóðskjalasafns Íslands.

Fundi slitið kl. 14:37.

Eiríkur G. Guðmundsson (sign)

Njörður Sigurðsson (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)